

UTmessan

3. febrúar 2017

KYNNINGARBLAÐ

Mikill metnaður á UTmessunni

UTmessan hefst í dag í Hörpu. Þetta er í sjöunda sinn sem ráðstefnan er haldin og á hana mæta öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins. UTmessan hefur stimplað sig rækilega inn í þjóðlífið en yfir 10.000 manns sóttu sýninguna í fyrra. Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs, segir fjölbreytileika upplýsingatækninnar sýna sig á ráðstefnunni og hvetur alla til að mæta.

„Nox the Robot er að mínu mati eitt flottasta atriðið, vélmenni sem er 2,50 metrar á hæð, og gengur um og talar við fólk. Fyrirtækin leggja gífurlegan metnað í kynningar sínar á UTmessunni sem hefur vaxið hratt. Fyrsta árið voru ráðstefnugestir 207 en í fyrra 1.066. Fjöldinn sem sótti opna daginn var 2.500 manns árið 2011 en var 10.000 manns í fyrra. UTmessan hefur stimplað sig rækilega inn í þjóðlífið. Metnaðurinn er mikill og þessi viðburður er á við það sem best gerist erlendis,“ segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs og UTmessunnar.

Tæplega hundrað fyrirtæki úr tölvu- og tæknigeiranum taka þátt í ár og fjörutíu og fimm fyrirlesarar koma fram, þar af þrettán erlendir. Tilgangur UTmessunnar er að sögn Arnheiðar að vekja athygli almennings á tölvu- og tæknigeiranum og sýna fram á hversu fjölbreytt starfssvið hann spannar.

„Skýrslutæknifélag Íslands eða Ský er fagfélag tölvufólks og stendur fyrir allt að þrjátíu ráðstefnum ári. Okkur fannst vanta stóran, óháðan tölvutækniviðburð á Íslandi og bjuggum því til Upplýsingatæknimessu, í samvinnu við tölvutæknigeirann. Önnur ástæða þess að UTmessan var sett á laggrinnar var fækkun á nemendum í tölvunarfræði við Háskólann. Á árunum fyrir hrun fóru allir í viðskipta- eða lögfræði. Við vildum ekki síður vegna þess vekja athygli á þessum geira og sýna að það er áhugavert að vinna við hann og að sú staðlaða hugmynd sem margir hafa um að það sé bara ákveðinn, lokaður hópur fólks sem geti starfað í tölvugeiranum, eigi ekki við rök að styðjast. Það hallar til dæmis enn mikið á stelpurnar í þessum geira,“ segir Arnheiður, sem er sjálf forritari.

Er boðskapur UTmessunnar að skila sér?

„Fjöldi útskrifaðra tölvunarfræðinga árið 2011 var 77 en var rúmlega 270 manns árið 2016. Þeim konum sem útskrifast úr tölvu- og tæknigeiranum hefur einnig fjölgað, sem er frábært,“ segir Arnheiður.

„En það er ekki sérislenskt vandamál að vanti krakka í tölvugreinarnar. Menntakerfið þarf að standa sig betur og krakkar í dag verða að vera tölvulæs. Það er allt að verða tölvuvætt og þó að fólk starfi ekki beinlínis við forritun þarf það að vita nokkurn veginn hvernig tölva virkar. Vandinn liggur í námsskránni og hjá kennurum, það er einfaldlega líka skortur á fólki sem getur kennt á tölvur í skólum.“

UTmessan skiptist í tvo hluta. Í dag fer fram fagráðstefna og á morgun verður opinn dagur þar sem almenningi gefst tækifæri til að kynna sér fjölbreytt verkefni innan tæknigeirans.

Meðal þess sem hægt verður að skoða er Hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema, hægt verður að fylgjast með úrslitakeppni Íslandsmótsins í tölvuleiknum Overwatch, Tölvunörðasafnið verður kynnt og gefst gestum færi á að spila gamla tölvuleiki á 14“ tölvuskjáum. Þá verða ýmis nemendaverkefni úr háskólanum kynnt, svo sem verkefni um gervi-greind og kappakstursbíll svo fátt eitt sé nefnt.



„Nox the Robot er að mínu mati eitt flottasta atriðið á UTmessunni, vélmenni sem er 2,50 metrar á hæð, og gengur um og talar við fólk,“ segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs. MYND/ERNIR



Evgenia hefur haft áhuga á eldfjöllum frá því hún flutti frá Rússlandi til Íslands þegar hún var 10 ára. MYND/GVA

Eldfjöllin vöktuð

Evgenia Ilyinskaya var ung að árum þegar hún ákvað að verða eldfjallafræðingur. Hún segir starfið vera mjög spennandi og ekki síður nytsamlegt. Hún starfar við rannsóknir og kennslu við Háskólann í Leeds í Bretlandi en gaf sér tíma til að koma til Íslands að kynna svokallaða eldfjallavefsjá á UTmessunni.

„Eldfjallavefsjain er uppflettirit á vefnum með upplýsingum um íslenskar eldstöðvar. Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun og Almannavarnir stýrðu þessu verkefni en á vefsíðunni er einnig efni frá sérfræðingum í þeirri hættu og vá sem eldstöðvar geta skapað. Eldfjallavefsjain er hugsuð sem uppflettirit og ekki þarf að vera eldfjallafræðingur til að skilja allar þessar upplýsingar,“ segir hún.

Á vefsíðunni má fá rauntíma-upplýsingar frá Veðurstofunni sem hjálpa fólki að skilja hvað er að gerast í hverri eldstöð fyrir sig. „Þarna eru einnig upplýsingar um

hverja eldstöð, hversu virk hún er, hvernig hún hefur hagað sér í fortíðinni, hverju við getum búist við af henni og svo framvegis,“ segir Evgenia en á vefsíðunni er einnig samansafn af myndum, kortum og textum sem sérfræðingar hafa tekið saman. „Þetta er í raun hnitmiðuð, áreiðanleg og notendavæn síða,“ segir Evgenia.

Hún hefur haft áhuga á eldfjöllum frá því hún flutti frá Rússlandi til Íslands þegar hún var 10 ára. „Ég fór til náms í Bretlandi og lauk bæði grunnnámi og doktorsprófi í eldfjallafræði. Þetta er mjög spennandi fag sem hefur raunverulegt gildi. Við fáum svo mikla orku frá íslensku eldfjöllum en þeim fylgir einnig hættu sem þarf að fylgjast með. Svo er líka gaman að ferðast um landið, vera úti í náttúrunni og sinna mælingum,“ segir Evgenia að lokum. sis@365.is

Nánar má sjá á vefsíðunni: icelandicvolcano.es.is.



Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, verður með fyrirlestur á UTmessu. MYND/GVA

Öryggið mikilvægt

Fjölmargin sérfræðingar verða með fyrirlestra á UTmessunni í dag. Þeirra á meðal er Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, sem fjallar um gervigreind. Ráðstefnudagurinn er ætlaður fagfólki um upplýsingatækni.

Elín Albertsdóttir
elina@365.is



Persónuvernd verður með upplýsingabás á UTmessunni í fyrsta skipti. Alma segir það vera lið í þeirri vitundarvakningu sem Persónuvernd kemur að og varðar nýja Evrópureglugerð um persónuvernd sem taka mun gildi í Evrópu í maí 2018. Löggjöfin fellur undir EES-samninginn og verður innleidd hér. Fulltrúar frá fyrirtækjum og stofnunum og einstaklingar geta komið og kynnt sér efni hinnar nýju reglugerðar og spjallað við fulltrúa Persónuverndar um hvers konar málefni er tengjast persónuvernd.

Alma telur að almenningur á Íslandi hafi ágæta þekkingu á þeirri gervigreind sem er til staðar í dag, meðal annars í snjalltækjum þeirra, og getur aðstoðað þá við hversdagsleg verkefni eins og til dæmis Siri-hugbúnaðurinn frá Apple. „Hins vegar er ekki víst að allir átti sig á því hvernig gervigreind vinnur upplýsingar og kemst að niðurstöðu í öðrum og flóknari tilvikum. Sjálfvirk ákvörðunartaka sjálfvirkandi véla getur til dæmis haft ófyrirséð og

óvænt áhrif á hagsmuni einstaklinga sem sæta slíkri ákvörðunartöku,“ útskýrir hún.

„Það eru til ólíkar skilgreiningar á gervigreind, sem er flókið fyrirbæri, en í stuttu máli má segja að gervigreind feli í sér vitræna hegðun véla sem ætlað er að skilja upplýsingar og skynja umhverfi sitt í þeim tilgangi að framkvæma aðgerðir eða taka sjálfvirkar ákvarðanir líkt og manneskjur.“

Þegar Alma er spurð um hvað hún fjalli í sínum fyrirlestri, svarar hún: „Þegar ný tækni kemur fram sem hefur áhrif á grundvallarmannréttindi einstaklinga er nauðsynlegt að staldra við og velja fyrir sér þeim álitaefnum sem rísa. Ég ætla að fjalla um gervigreind og hvernig meginreglur persónuverndarlaga falla að notkun hennar. Þá mun ég fara yfir hvaða áhrif gervigreind hefur á réttindi einstaklinga, m.a. rétt þeirra til sanna-gjarnrar vinnslu, fræðslu um meðferð upplýsinga sinna og að þurfa ekki að sæta sjálfvirkri ákvörðunartöku. Loks tæpi ég á siðferðilegum álitaefnum sem leiða af því að vinnsla persónuupplýsinga getur farið fram í n.k. „svörtum kassa“ gervigreindar og hvort tilefni sé til að setja sérstakar siðareglur um samskipti manna og véla.“

Hún bætir við að UTmessu sé fyrir allt áhugafólk um tölvur, ekki bara einhverja snillinga. „Það verður vissulega allt krökkt af tölvusnillingum en það frábæra við UTmessuna er að hún tengir saman hagsmunaaðila úr ólíkum geirum og flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi á fjölbreyttum ráðstefnulinum. Síðan er auðvitað gaman fyrir alla að koma og skoða tækninýjungar sem eru til sýnis í upplýsingabásunum – og hressa upp á persónuverndarþekkinguna í leiðinni.“


Gervigreind hefur verið þó nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum, en er nóg að gert? „Það hefur verið ágæt umfjöllun um netárásir í fjölmiðlum enda fer þeim sífellt fjölgandi. Það er nánast ómögulegt að fjalla um allar tölvuárásir sem eiga sér stað, slíkur er fjöldinn. Þess vegna verður sífellt mikilvægara fyrir fyrirtæki og stofnanir að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem þau búa yfir vegna starfsemi sinnar.“

Að mínu mati mætti huga meira að umfjöllun um afleiðingar þess ef misfarið er með persónuupplýsingar í slíkum árásum og afleiðingar þess fyrir einstaklinga,“ segir Alma Tryggvadóttir.



VILTU SELJA MEIRA Í GEGNUM SÍMANN?

Kíktu þá á básinn hjá okkur á UTmessunni



www.crankwheel.com



FRAMTÍÐIN ER SKRIFUÐ Í SKÝIN

VELKOMIN Í SENSÁ BÁSINN

Á UT MESSUNNI Í HÖRPU 3.-4. FEBRÚAR - VIÐ VERÐUM Í STUÐI!

- **Cisco Spark Board**

snertiskjárninn sem var heimsfrumsýndur í síðustu viku verður til sýnis í básnum okkar.

- **Cisco CMX (Heat map)**

Í samvinnu við Hörpu sýnum við Cisco CMX sem greinir upplýsingar úr þráðlausu netkerfi Cisco og sýnir möguleika á birtingu upplýsinga



KOMDU Í AFMÆLISVEISLU

Í tilefni af 15 ára afmælis Sensa bjóðum við uppá afmælisköku og verðum í afmælisskapi alla helgina á UT messunni - Komdu og vertu með...

Leiðandi í viðskiptalausnum

Hugbúnaðarfyrirtækið Annata var stofnað árið 2001. Þar er unnið að hugbúnaðarþróun, ráðgjöf og innleiðingu á viðskiptahugbúnaði í Microsoft-umhverfi, bæði innan lands og utan. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og örugglega en þar starfa nú um 120 manns víðsvegar um heim.

Hjá Annata er unnið að þróun, ráðgjöf og þjónustu á lausnum sem byggja á Microsoft Dynamics AX og Microsoft Dynamics CRM viðskiptalausnum. „Á meðal viðskiptavina hér heima eru flest meðalstór og stærri fyrirtæki landsins. Má þar nefna banka, símafyrirtæki, olíufyrirtæki, stærstu heildsöluvarnir, verslunarfyrirtæki og fleiri. Erlenda starfsemi snýst svo aðallega um þróun og sölu á okkar eigin hugbúnaði, Annata Dynamics IDMS. Hann hefur verið í þróun í tíu ár og er aðallega hugsaður fyrir bílageirann,“ segir Sigurður Hilmarsson, forstjóri Annata. Fyrirtækið er að sögn Sigurðar með 70.000 notendur þess kerfis um allan heim og net yfir 50 samstarfsaðila sem selja og þjónusta kerfið. Á meðal viðskiptavina erlendis eru stórfyrirtæki á borð við Volvo CE, Hyundai, Komatsu og CLAAS.

Annata starfar á þrettán stöðum í heiminum. „Við erum til dæmis með stóra skrifstofu í Malasíu en þar er að finna mikið af tækni-menntuðu fólki sem hefur reynt á okkar sviði,“ segir Sigurður.

Annata þjónustar viðskiptavini hér heima með hverskyns kjarnavirki. „Við erum með fjárhagslausnir, sölu- og verslunarlausnir, framleiðslulausnir og vöruhúsalausnir. Tengt Microsoft



Sigurður Hilmarsson, forstjóri Annata.

Dynamics CRM, eða stjórnun viðskiptatengsla, erum við að fást við ýmsa ferla á sviði sölu, markaðs- og þjónustumála. Við tökum því á ansi mörgum þáttum sem snúa að kjarnastarfsemi fyrirtækja. Þá erum við að veita ráðgjöf í greiningu og framsetningu á stjórnendaupplýsingum og viðskiptagreind sem byggir á okkar kerfum,“ upplýsir Sigurður.

Hann segir sérstöðu Annata byggjast á því að geta á einum stað boðið upp á ráðgjöf, innleiðingu og þjónustu á Microsoft Dynamics AX og Microsoft Dynamics CRM en Annata er eini samstarfsaðili Microsoft á Íslandi með gullvottun í bæði viðskiptalausnum (AX)



Hjá Annata starfa um 120 manns. Fyrirtækið er ávallt að leita að góðu fólki í verkefni innanlands sem utan.

og viðskiptatengslum (CRM).

Fyrirtækið var stofnað á Íslandi og er alfarið í eigu lykilstarfsmanna. Starfsmenn eru aðallega tölvunarfræðingar, verkfræðingar og viðskiptafræðingar. „Við höfum byggt upp öflug viðskipti hér heima. Fyrirtækið hefur

alltaf skilað hagnaði og við höfum verið á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo síðustu ár,“ segir Sigurður sem býst við að héðan af verði vöxturinn fyrst og fremst á erlendri grund bæði með innri vexti en einnig uppkaupum á öðrum fyrirtækjum.

Hann segir Annata alltaf að leita að góðu fólki í verkefni hér heima og erlendis. „Við vorum að auglýsa og hvet ég áhugasama til að kynna sér málið. Þá verðum við með bás á UTmessunni þar sem hægt verður að kynna sér starfsemi enn frekar.“

Skapandi nám

Margmiðlunarskólinn innan Tækniskólans býður upp á skapandi nám til háskólaeininga. Þar er lögð áhersla á hugmyndavinnu og sjálfstæð vinnubrögð.

Nám í Margmiðlunarskólanum er á fjórða stigi og hentar m.a. þeim sem hafa áhuga á þrívíddarvinnslu, tæknibrellum fyrir kvikmyndir, tölvuleikjagerð og teiknimyndagerð. Í náminu er lögð mikil áhersla á hugmyndavinnu, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð enda leggur skólinn áherslu á að útskrifa nemendur með frjóa hugsun með vilja til að fara nýjar leiðir að sögn Ingibjargar Lilju Guðmundsdóttur, kennara við Margmiðlunarskólann. „Námið byggist að mestu leiti á verkefnavinnu, bæði einstaklings- og hópverkefnum. Nemendur búa t.d. til tölvuleiki, stuttmyndir og teiknimyndir og vinna í greenscreen, hljóðstúdíói, sýndarveruleika, með myndavélar og lýsingu svo fátt eitt sé nefnt. Sem dæmi um athyglisvert verkefni má nefna að eitt af lokaverkefnum seinasta árs, stuttmyndin Ljósöld, var tilnefnt til Edduverðlauna í flokknum bestu tæknibrellunnar. Auk þess hefur hún verið sýnd á þremur alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. Það er auðvitað rosalegur heiður bæði fyrir skólann, kennarana og nemendur.“

Góðir möguleikar

Námið í Margmiðlunarskólanum er tvö ár eða fjórar annir og eftir það er hægt að sækja eins árs nám erlendis sem gefur BA-gráðu. Við kennsluna eru notuð öll helstu forrit sem notuð eru í bransanum og segir Ingibjörg mikla áherslu lagða á að fylgja þróun í forritum og lausnum sem því tengjast.

Starfsmöguleikar eftir nám eru góðir að sögn Ingibjargar. „Nemendur frá okkur vinna við mjög fjölbreytt störf bæði hér á landi og erlendis. Við eigum t.d. útskrifaða nemendur sem starfa hjá CCP,



„Nemendur frá okkur vinna við mjög fjölbreytt störf bæði hér á landi og erlendis,“ segir Ingibjörg Lilja Guðmundsdóttir, kennari við Margmiðlunarskólann.

MYND/GVA

RVX, Sólfar Studios, Pegasus, Framestore og MPC. Sumir skapa líka sín eigin tækifæri með því að stofna fyrirtæki og taka þátt í frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi.“

Hún segir helsta markmið skólans vera að senda sem hæfasta nemendur út í atvinnulífið og þess vegna er skólinn í sam-

starfi með helstu fyrirtækjunum á þessu sviði hér á landi. „Starfsfólk frá þeim hefur komið og haldið námskeið, hjálpað til við kennslu og boðið upp á ráðgjöf fyrir bæði nemendur og kennara.“

Nánari upplýsingar um námið má finna á www.tskoli.is.



Davíð Mark Guðmundsson útskrifaðist nýlega úr rafeindavirkjun. MYND/GVA

Góðir starfsmöguleikar

Nám í rafeindavirkjun við **Tækniskólann** er góður grunnur undir margvísleg störf víða í samfélaginu.

Davíð Mark Guðmundsson hefur alltaf haft mikinn áhuga á tæknilegum hlutum og þeim möguleikum sem hægt er að ná með nýrri tækni. Eftir að hafa lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut hóf hann nám í rafeindavirkjun við Tækniskólann en vegna stúdentsprófsins gat hann tekið hraðferð í grunnnámi rafiðnaðar.

Hann segir aðstöðuna í skólanum vera mjög góða sem gerir námið fyrir vikið enn betra. „Skólinn býr yfir miklu úrvali af flottum búnaði sem nemendur geta notað, t.d. tölvum, mælitækjum og þrívíddarprenturum. Kennarar eru líka alltaf tilbúnir til að hjálpa nemendum og sjá til þess að öryggið sé alltaf á þegar verið er að vinna með rafmagn. Þótt strákar séu meirihluti nemenda í náminu er stór kostur að fleiri og fleiri stelpur eru að sækja í þetta nám.“

Ýmsir spennandi atvinnumögu-

leikar bjóðast eftir námið að sögn Davíðs. „Þar má t.d. nefna uppsetningu á fjarskiptakerfum, netkerfum og tölvubúnaði. Einnig viðgerðir á sjónvörpum, síumum og tölvum og nýsmíði á rafeindabúnaði svo eitt hvað sé talið upp. Eftir námið getur maður líka unnið að eigin hugmyndum og skapað eitthvað nýtt. Sjálfur á ég mér t.d. það markmið að reyna að búa til vélmenni í framtíðinni.“

Hann segist hafa verið heppinn þegar hann fór í starfsnám hjá Tæknivörum sem sérhæfa sig í að gera við Samsung-síma. „Á meðan voru aðrir skólafélagarnir mínir að gera við tölvur, setja upp búnað fyrir skip eða vinna með hluti sem tengjast bílarafmagni. Þannig að verkefni eru fjölbreytt og skemmtileg. Það er því gott að vita til þess að í framtíðinni munu atvinnumöguleikar aðeins aukast enn frekar eftir því sem tæknin heldur áfram að þróast.“



Hlökkum til að sjá þig á UTmessunni!

Advania er gull-styrktaraðili UTmessunnar sem fer fram í Hörpu 3. - 4. febrúar. Við verðum á sýningarsvæðinu og þar ætlum við að kynna byltingakenndar nýjungar fyrir UT-stjóra og svo munu skemmtilegir gestir sýna spennandi tækninýjungar.

Sérfræðingar Advania verða til taks allan tímann og munu segja frá nýjustu tæknilausnum okkar og sýna tölvubúnað.

Komdu og hittu okkur á UTmessunni!

advania.is



Samstarf lögreglu og einkageira

Daði Gunnarsson lögreglumaður skilaði nýverið meistararitgerð um framtíð tölvurannsókna á Íslandi. Hann heldur fyrirlestur á UTmessunni um samstarf lögreglu og einkageirans.

**Sólveig
Gísladóttir**
solveig@365.is



Að sögn Daða er netöryggi viðamikilið vandamál sem mikil áskorun er fyrir lögreglu og hið opinbera að takast á við. Hann er lögreglumaður og hefur starfað við tölvurannsóknir frá árinu 2009. Til að auka þekkingu sína á málefnum fór hann í meistaranám við Dublinarháskóla í Forensic computing & cybercrime investigation sem útleggst á íslensku sem tölvurannsóknir og netglæparannsóknir.

Hann skilaði nýverið lokaritgerð sinni þar sem hann fjallar um framtíð tölvurannsókna á Íslandi og mun á UTmessunni fjalla um niðurstöður sínar. „Ég skoðaði sérstaklega hvernig Norðurlöndin og Europol hafa staðið að

hlutunum,“ segir Daði sem kom ýmislegt á óvart, til dæmis hve öflugt samstarf lögreglunnar er við einkageirann. „Þetta má sér í lagi sjá í Finnlandi,“ segir hann og telur þetta samstarf við einkageirann afar mikilvægt enda mikill vöxtur í netglæpum sem lögreglan ráði ekki við ein og sér.

Hann segir unnið að því að koma af stað slíku samstarfi milli lögreglu og einkageira hér á landi. „Það er rétt á byrjunarstigi en við erum að reyna að koma á samstarfi við ýmis fyrirtæki á þessum öryggisgrundvelli,“ segir hann og nefnir sem dæmi fyrirtæki í fjármálageiranum enda sé fjölmörgum tölvuárásum beint að viðskiptavinum banka og annarra fjármálafyrirtækja. „Þá má einnig nefna hýsingarfyrirtæki og jafnvel opinberar stofnanir, enda nýlegt dæmi um að gerð hafi verið tölvuárás á Stjórnarráðið.“



Daði Gunnarsson starfar hjá tölvu- og netglæparannsóknadeild. MYND/ERNIR

Fyrir einu ári var gerður samstarfssamningur milli fjögurra stærstu lögregluembættanna um tölvurannsóknir og netglæparannsóknir. Það eru héraðssaksoðknari, ríkislögreglustjóri, lögreglan á Suðurnesjum og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Markmiðið með þessum samstarfssamningi að sögn Daða er að samnýta krafta embættanna til að berjast gegn netglæpum.

Daði segir tölvu- og netglæparannsóknadeildir í raun nýjar af nálíni. „Europol stofnaði sína sveit til dæmis í janúar 2013 sem

heitir Europol Cybercrime Center og Norðurlöndin hafa einnig stofnað slíkar sveitir,“ segir Daði en fimm starfsmenn starfa í íslensku tölvu- og netglæparannsóknadeildinni og vonar Daði að sveitin muni stækka fljótt og vel.



MESSAN 2017

Nýherji færir
þér framtíðina

Komdu og hittu NOX!
í básnum okkar á UTmessunni.

- Spilaðu tölvuleiki á snertiborði frá NEC
- Stýrðu BB-8 vélmönnum þráðlaust
- Krúttlega vélmennið NAO
- SmartBunker frá Schneider Electric

NOX
THE ROBOT

N
NÝHERJI

Stærð: 240 cm



Mikil söluaukning í mannauðs- og launakerfum hjá Applicon

Applicon hefur margfaldað ítök sín á markaði mannauðs- og launakerfa á Íslandi á undanförunum tveimur árum en fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar. Applicon hefur þróað fjölmargar lausnir fyrir fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki, sveitarfélög sem og á sviði launa- og mannauðsmála. Kjarni, mannauðs- og launakerfi Applicon fær góðar viðtökur.

„Óhætt er að fullyrða að Applicon láti í auknum mæli til sín taka á markaði mannauðs- og launalausna á Íslandi,“ segir Ingimar G. Bjarnason, framkvæmdastjóri Applicon, en fyrirtækið kynnti fyrir tveimur árum til leiks mannauðs- og launakerfið Kjarna eftir áralanga þróunarvinnu.

„Viðtökur íslenskra fyrirtækja hafa verið frábærar. Þessu til viðbótar innleiddi Applicon nýverið SAP mannauðs- og launakerfi hjá Reykjavíkurborg auk þess sem innleiðing stendur yfir á mannauðskerfinu SuccessFactors hjá Icelandair, en SuccessFactors er mannauðslausn í skýinu og er leiðandi lausn á heimsvísu.“

Applicon hefur lengi selt SAP mannauðs- og launalausnir en þær lausnir henta helst stærstu fyrirtækjum landsins. Kjarni hentar aftur á móti öllum stærðum fyrirtækja. Með tilkomu Kjarna nær Applicon því til mun stærri hluta íslensks markaðar en áður.

„Kjarni er mannauðs- og launalausn sem samanstendur af fjölda kerfishluta sem eru samtvinnaðir í eina heildstæða lausn. Kjarni er

öflug lausn og það hefur sýnt sig að hún er fær um að uppfylla þarfir margra af kröfuhörðustu fyrirtækjum landsins á þessu sviði,“ segir Ingimar.

Viðskiptavinir Kjarna eru nú orðnir 20 talsins og bætist stöðugt í hópinn en alls bættust 15 íslensk fyrirtæki við árið 2016. Aðsókn fyrirtækja í Kjarna hefur verið mikil.

„Við leggjum mikið upp úr því að vanda vel til verka við innleiðingu Kjarna og gefum okkur góðan tíma til að vinna með hverjum og einum,“ segir Ingimar. Hann bætir því við að með sölu SAP mannauðs- og launalausna til Reykjavíkurborgar og SAP SuccessFactors til Icelandair Group séu nú tveir af þremur stærstu vinnuveitendum landsins að nota kerfi Applicon á þessu sviði.

„Samhliða öflugum lausnum veitir Applicon viðskiptavinum sínum einnig framúrskarandi þjónustu. Með skilvirkum og vel skilgreindum ferlum og reynslumiklum og úrræðagóðum ráðgjöfum býður Applicon upp á þjónustu sem fyrirtækið er stolt af.“



Ingimar G. Bjarnason, framkvæmdastjóri Applicon, segir Kjarna, mannauðs- og launalausn Applicon, hafa fengið frábærar viðtökur hjá íslenskum fyrirtækjum. MYND/ANTON BRINK

æ p g s s l g m u ó h c m i k æ h f æ t h t s e
 r v i ð h t p a o æ d y u n s i u c ó s v y t æ
 d g e r u m v j ö u h y k b i f r t u b a r f i
 ó f l ó k i n n y g n k a s æ l y e d æ v æ e a
 f h l u t y m v b l i b o æ c ó þ þ v y e g j o
 k y ö p u h m k t r n s c e v i c r n s h ó f c
 d e i n f a l d a n d r ö h v v ö c m u o ó n o
 v h t p a o æ d y d j l e v ó r v c g o h s u e
 æ j m a æ l v t ö ö æ m f æ c k k m p d c v i j
 r v i ð h t p a o æ d y u n s i u c ó s v y t æ

Pekking verður á UT messunni í Hörpu, dagana 3.–4. febrúar.

Komdu og kynntu þér þjónustu Pekkingar og taktu þátt í spennandi ferðaleik. Það er til mikils að vinna!


PEK KING
 Tölvudeildin þín



Hver fær UT-verðlaun ársins?

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhendir UT-verðlaun Skýs á UTmessunni í dag. Þetta eru heiðursverðlaun fyrir framúrskarandi framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Skýrslutæknifélag Íslands (Ský) veitir verðlaunin en þau eru að danskri fyrirmynd. Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 2010. Árlega skipar stjórn Skýs valnefnd sem hefur sérþekkingu og reynslu á sviði upplýsingatækni. Valnefnd samanstendur af tveimur síðustu verðlaunahöfum, fulltrúa frá samtökum upplýsingatæknifyrirtækja, fulltrúa háskóla, fulltrúa styrktaraðila, fulltrúa stjórnar Skýs ásamt starfandi framkvæmdastjóra Skýs.

Í fyrra hlaut **Skúli Eggert Þórðarson** og **Embætti ríkisskattstjóra** sjöundu Upplýsingatækniverðlaunin. Aðrir sem hlotið hafa verðlaunin eru: **Hjálmar Gíslason** fékk sjöttu Upplýsingatækniverðlaun Skýs 6. febrúar 2015. Hann stofnaði netfyrirtækið Datamarket árið 2008. **Rakel Sölvadóttir** fékk fimmtu Upplýsingatækniverðlaun Skýs 7. febrúar 2014. Rakel stofnaði sprotafyrirtækið Skema árið 2011. **Hilmar Veigar Pétursson** fékk fjórðu Upplýsingatækniverðlaun Skýs 8. febrúar 2013. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri CCP. **Marius Ólafsson** fékk þriðju Upplýsingatækniverðlaun Skýs 9. febrúar 2012. Marius er af þeim sem best þekkja talinn faðir Internetsins á Íslandi. **Reiknistofa bankanna** fékk önnur Upplýsingatækniverðlaun Skýs 18. mars 2011. **Friðrik Skúlason** fékk fyrstu Upplýsingatækniverðlaun Skýs 20. maí 2010. Friðrik kom meðal annars veiruvarnarforritinu Lykla-Péttri, eða F-Prot Antivirus, eins og það heitir á ensku, á kortið en það hefur aukið tölvuöryggi hjá fjölda notenda.



Skemmtileg sýning

Á morgun, laugardag verður UT-messan opin almenningsþegar boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í Hörpu milli kl. 10 og 17. Meðal fjölda viðburða sem boðið er upp á árlega er sýning Tölvunördasafnsins sem vekur jafnan kátínu yngri kynslóðarinnar og vekur upp ljúfsárar minningar hjá þeim eldri. Gestir geta m.a. prufað gamlar leikjatölvur á borð við gömlu Pong-vélarnar sem voru fyrstu leikjavélarnar sem rötuðu inn á heimili landsmanna. Einnig verður hægt að leika sér með Nintendo NES, SNES, Sinclair, Commodore, Atari og marga aðra gripi. Auk þeirra verða sýndir í sýningarskápum gamlir munir sem teljast til sjaldgæfra fjársjóða og tengjast sögu tölvuleikja. Sérfræðingar verða á svæðinu sem svara spurningum áhugasamra og sýna um leið hvernig nota má nútímatækni í eldri leikjavélum. Sýningin verður á 1. hæð í Rimu.

HARPA ER RÁÐSTEFNUHÚSIÐ

UTmessan er haldin í Hörpu í dag og á morgun. Hún er einn stærsti viðburður landsins í tölvugeiranum. Harpa er öflugt ráðstefnuhús og hefur haslað sér völl á alþjóðlegum markaði. Harpa er margverðlaunað listaverk sem sjö milljónir manna hafa heimsótt frá opnun, 4. maí 2011.

Í Hörpu er viðburðahald fjölbreytt enda eru notkunarmöguleikar hússins óteljandi. Meðal stórvíðburða og sýninga sem hafa farið fram í húsinu eru Lækna-dagar, UTmessan, Hönnunarmars,

Reykjavík Fashion Festival, Reykjavíkurskáknotið 2012-2017, Nike Sneakerball, Food and Fun, Expo skálinn, Vilt hreindýr á Íslandi, Pop-up markaður, Jólamatarmarkaður Búrsins auk málverka- og list-sýninga.

Harpa er heimili Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Stórsveitar Reykjavíkur, sem halda árlega fjölmarga tónleika sem eru mjög vel sóttir. Heimsfrægar hljóm-sveitir, dansflokkar og leikhúshópar hafa sótt Hörpu heim.



Harpa tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík hefur hlotið ótal viðurkenningar og verðlaun fyrir framúrskarandi aðstöðu til ráðstefnuhalds. Þar á meðal var Harpa

valin „Besta viðburðahús“ árið 2011 af Travel&Leisure tímaritinu og sumarið 2016 fékk Harpa Business Destination-verðlaun sem „Besta ráðstefnuhús“ í Evrópu.

Árangur þinn er okkar markmið!

expectus



Stefnumótun og innleiðing



Samtímaeftirlit




Verkefnastjórnun og samvinna



Viðskiptagreind



Áætlunargerð



exMon

Microsoft Partner
Gold Data Analytics

exPoint

kepion

